



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 20. maí 2025
USK24080323

TILLAGA

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði:

- Bann við lagningu ökutækja í Álakvísl milli Álakvíslar 16 og 38.
- Bann við lagningu ökutækja í Álakvísl milli Álakvíslar 15 og 136.

Ofangreindar ráðstafanir verða merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Borið hefur á því að ökutækjum sé lagt í götu Álakvíslar sem getur gert sorphirðu og viðbragðsaðilum erfitt fyrir að komast að húsum í götunni. Slíkt getur tafið björgunarstörf komi upp neyðartilfelli og valdið eignatjóni.

Sökum þessa er lagt til að setja á bann við lagningu ökutækja á við beygjur í götunni. Áður en tillaga um bann við lagningu ökutækja var lagt til leitaði Reykjavíkurborg eftir umsögnum íbúa í Álakvísl við þeirri tillögu að banna lagningu ökutækja utan skilgreindra stæða í allri götunni. Bréf var sent til allra heimila í götunni, fjöldi bréfanna var á bilinu 180 -200. Átta aðilar lýstu sig hlynnta slíku banni á meðan sextán aðilar voru andvígir algjöru banni. Tíu aðilar töldu að útfæra þyrfti bann við lagningu að hluta til í götunni t.d. í beygjum í götunni.

Með hliðsjón af ofangreindu er lagt til að bannað verði að leggja í Álakvísl í og við beygjur.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Kort með svæði þar sem lagt er til að bann verði við lagningu ökutækja
Hjálagt: Afrit af bréfi til íbúa Álakvíslar sem send voru umsagnaraðilum og svör þeirra



Reykjavík



Umsagnir – Álakvísl

Hjalti Birgisson – Mikill bílastæðaskortur í götunni. Fara verður varlega í að banna lagningu. Fjölga ætti stæðum ef banna á lagningu. Mikilvægt að samráð sé haft við íbúa, hugmyndir kynntar og andmælaréttur sé virtur

Rannveig Möller – Styðja eindregið bann bið lagningu ökutækja í Álakvísl.

Anna Björnsdóttir f.h. Elsu Sigurðardóttur – Hefur áhyggjur af því að sérmerkt p-stæði hennar verði tekið

Aron Pétur Ragnarsson – Lýsir yfir stuðningi við bann bið lagningu ökutækja utan ómerktra stæða. Til mótvægis er stungið upp á að skoða möguleika við að bæta við bílastæðum við Streng sem og á öðrum stöðum í nágrenninu.

Ragnheiður Björnsdóttir – Tekur fram að það vanti bílastæði sem sé ástæðan fyrir núverandi ástandi. Leggur til að graseyjar séu fjarlægðar og bílastæði gerð þar áður en farið er í þá aðgerð að banna lagningu ökutækja.

Xuan Lin – Bendir á að ef ekki er hægt að leggja í vegkanti þurfi viðkomandi að leggja á bílastæði N1 sem sé ekki hentugt.

Elfar Harðarson – Telur enga lausn að banna lagningu ökutækja í götunni án þess að koma með lausnir.

Gunnar Áki Kjartansson – Mótmælir banni

Elín Hrund Heiðarsdóttir - Telur ekki hægt að banna lagningu ökutækja alfarið í götunni, heldur frekar á ákveðnum stöðum, þá aðallega í beygjum. Leggur til að fleiri bílastæði séu merkt á þeim stöðum þar sem lagning bíla truflar ekki umferð. Bendir á að fjölga þarf almennum stæðum í nágrenninu.

Snjólaug Óskarsdóttir – Bendir á að alltaf hefur verið lagt meðfram og á götunni. Telur að þetta sé ekki vandamál. Telur að þessi aðgerð muni valda meiri skaða en núverandi ástand. Segir að miðað við veðurfar og ástand almenningssamgangna sé bíll nauðsynlegur.

Heiðrún Gunnarsdóttir – Telur að ekki sé vandamál vegna lagningar ökutækja að sumri til en vandamál séu til staðar yfir veturinn. Sér ekki af hverju ástæða er til að fara í aðgerðir á þessum tímapunkti. Bendir á að bílastæði við Streng séu nú merkt sem stæði fyrir bíla sem þurfa rafhleðslu, og önnur séu sífellt full af tjaldvögnum og fellihýsum. Telur að ef bann verður sett á muni íbúar í meiri mæli nota bílastæði sem þeir eiga í bílakjöllurum. Leggur til að bílastæðum verði fjölgað á þeim stöðum þar sem núna eru stæði fyrir bifreiðar sem þurfa rafhleðslu.

Laila Margrét Arnþórsdóttir – Segir að nauðsynlegt sé að skoða bílastæðamál í Álakvísl en hefur áhyggjur af því hvert þeir bílar sem núna er lagt í götunni muni fara þar sem mikill skortur sé á bílastæðum.





José Rivera – Tekur fram að oft sé erfitt að finna bílastæði í götunni. Leggur til að stæðum í götunni sé fjölgað þar sem það kemur ekki til af góðu að lagt sé meðfram götunni.

Bjarki Rafn Guðmundsson – Er algerlega andvígur tillögunni. Telur að borgin ætti að koma með aðrar lausnir og tillögur fyrir íbúa í Álavísl. Telur að miðað við fjölda íbúa í götunni sé nú þegar vöntun á bílastæðum.

Sverrir Rafn Sigmundsson – Fagnar tillögu um bann við lagningu ökutækja í götunni. Veturnir eru erfiðir þar sem ekki er hægt að ryðja snjó vegna lagningu ökutækja. Bendir á að hægt sé að koma fyrir nokkrum stæðum í götunni þar sem nú eru grasblettir.

Lilly Aletta Jóhannsdóttir – Bendir á að bílaeign hafi breyst frá því hverfið var byggt. Leggur til að fleiri stæði séu gerð í götunni og bendir á nokkra staði. Leggur til að reglur séu settar varðandi lagningu stærri vinnubíla í götunni. Bendir á að engin P stæði séu í götunni og mætti skoða að merkja slík stæði.

Lára G. Hansdóttir f.h. Ólafíu Sigríðar Hansdóttur – Kvartað yfir því að bréfið er stílað á íbúa en ekki eigenda. Bendir á að upplýsa þurfi íbúa um hvað séu merkt og skilgreind bílastæði. Tekur fram að þörf sé á að útbúa safnstæði fyrir íbúa. Ekki mótmælt að sinni fyrirætlun að banna lagningu í Álavísl. Vill fá svar hvers vegna ekki var sent á eigendur.

Þuríður Pétursdóttir - Er fylgjandi banni við lagningu ökutækja utan merktra og skilgreindra bílastæða. Er jafnframt fylgjandi því að lokað sé fyrir akstur milli Álavíslar og Birtingavíslar.

Jóhanna Elíasdóttir – Er mótfallin tillögunni vegna skorts á bílastæðum. Leggur til að lagning ökutækja sé óheimil á ákveðnum svæðum í götunni. Bendir á að atvinnutækjum t.d. rútum sé lagt í stæðin sem skapar hættu vegna sjónlína. Vill að skoðaðar séu leiðir til að takmarka hraðakstur í götunni.

Nevin Shalaby – Er fylgjandi fyrirhuguðu banni við lagningu ökutækja í Álavísl.

Guðbjörg Helgadóttir – Bendir á að bílastæði í Álavísl séu þegar of fá í samhengi við bílaeign íbúa. Bendir á að skynsamlegra sé að banna lagningu bíla í beygjum.

Atli Freyr Þorvaldsson – Er fylgjandi banninu. Bendir á að umferðaröryggi barna og gangandi sé skert í götunni. Bendir á að hefð hafi myndast að leggja þvert í stæði sem ætlað er að lagt sé samsíða. Bendir á að íbúar hafi breytt yfirborði í bílastæði.

Guðmundur Örn Jóhannsson – Telur að það væri of harkalegt að banna lagningu ökutækja í allri götunni. Bendir á að hægt væri að laga helstu vandamál með því að banna lagningu í beygju fyrir framan Álavísl 110. Of fá sameiginleg stæði séu nú þegar í götunni þar sem flest stæði séu merkt ákveðnum íbúðum. Krefst þess að ef farið verði í einhverjar framkvæmdir verði röð af bílastæðum merkt Álavísl 24-30. Telur að bann við lagningu meðfram allri götunni myndi rýra verð fasteignar sinnar.

Ingibjörg Jensdóttir – Er andvíg því að sett verði bann við lagningu ökutækja í götunni. Fara þyrfti í úrbætur samtímis. Bendir á að hægt sé að fjölga bílastæðum þar sem nú eru græn svæði og hægt sé að merkja stæði í götunni þar sem hún er breiðari. Er





sammála því að í beygjum og á öðrum stöðum þurfi að banna lagningu ökutækja þar sem þau valda hættu.

Orri Leví Úlfarsson – Er andvígur tillögunni. Þegar er skortur á bílastæðum í götunni. Ekki eru alltaf laus stæði í Streng ofan við götuna. Gestir hafa tekið upp á því að leggja á bílastæði við N1 en þar hafa rekstraraðilar hótad að draga bíla þeirra.

Lilja Kristín – Er andvíg tillögunni. Telur ástæðuna fyrir núverandi ástæðu vera skort á bílastæðum. Ekki eru næg almenn bílastæði í hverfinu. Fólk myndi taka upp á því að leggja á bílastæðum við N1. Hefur búið í götunni í nokkur ár og telur að sorphirða hafi mestmegnis gengið vel og sér ekki hvernig hún ætti allt í einu að vera vandamál. Að sama skapi hafa viðbragðsaðilar komist í götuna án vandkvæða.

Yngvi Jóhann Magnússon – Mótmælir hugmyndum um bann við lagningu ökutækja. Telur að of fá stæði séu í götunni miðað við fjölda íbúða. Ef bannað verður að leggja í götunni mun hann þurfa að flytja.

Helgi Aron Magnússon - Mótmælir hugmyndum um bann við lagningu ökutækja. Telur að of fá stæði séu í götunni miðað við fjölda íbúða. Ef bannað verður að leggja í götunni mun hann þurfa að flytja. Segist þurfa að geta lagt heima hjá sér eins og flestir Íslendingar.

Magnús Yngvason – Mótmælir hugmyndum um bann við lagningu ökutækja. Segir að skortur hafi verið á bílastæðum síðan hann flutti í götuna árið 1992. Mistök hafi verið gerð þegar grösugar götueyjar voru settar í götuna og þannig fækkað mögulegum bílastæðum í götunni. Bannið myndi skerða notagildi húseigna og lækka fasteignaverð. Slæmt ástand sé vegna bílastæðamála. Mikill umferðarhávaði sé frá Vesturlandsvegi og veltir fyrir sér hvort setja þurfi upp hljóðmanir. Að auki sé ónæði og óþægindi vegna bensínstöðvar N1.

Helga Heiða Helgadóttir - Mótmælir hugmyndum um bann við lagningu ökutækja. Segir að skortur hafi verið á bílastæðum síðan hann flutti í götuna árið 1992. Mistök hafi verið gerð þegar grösugar götueyjar voru settar í götuna og þannig fækkað mögulegum bílastæðum í götunni. Bannið myndi skerða notagildi húseigna og lækka fasteignaverð. Slæmt ástand sé vegna bílastæðamála. Mikill umferðarhávaði sé frá Vesturlandsvegi og veltir fyrir sér hvort setja þurfi upp hljóðmanir. Að auki sé ónæði og óþægindi vegna bensínstöðvar N1.

Berglind Þórhallsdóttir – Mótmælir banni við lagningu ökutækja utan merktra bílastæða. Erfitt er að finna bílastæði eins og er. Ökutækjum hefur verið lagt nálægt kanti svo bílar komist vel framhjá og hefur það ekki verið vandamál til þessa. Íbúar í götunni hafa orðið vitni að því að sorphirða hefur neitað að taka rusl vegna lagningu ökutækja en telja að nægt pláss hafi þó verið fyrir bílinn til að athafna sig. Kvartað hefur verið undan lagningu stórs sendibíls við Álakvísl 9-13 sem hindrar útsýni ökumanna. Leggur til að setja á bann við lagningu stórra ökutækja. Fór um Álakvísl og sá mörg svæði þar sem hægt er að búa til bílastæði. Telur að fjölga þurfi bílastæðum áður en bann við lagningu verði sett á.

Gunnur Gunnarsdóttir – Þekkir vandamálið sín megin í götunni. Bílastæði eru of fá og um 10-15 bílum lagt utan merktra bílastæða. Fyrir framan hennar íbúð er lagt á kantinum sem gerir það að verkum að nær ómögulegt sé að bakka úr bílastæðum þar. við hús 32-42 verður of þröngt í beygju ef mörgum bílum er lagt sitt hvoru megin. Leggur til að græn



Reykjavík



svæði verði fjarlægð og bílastæðum fjölgað. Bann verði lagt á suma staði en ekki alls staðar í götunni. Gott er að þrengja að umferð til að hægja á henni. Leggur til að leyft sé að leggja í „s beygju“ sléttu tölu megin í götunni. Einnig er vandamál að stórum vinnubílum er lagt í götunni.

Reinhold Richter – Ekki fylgdi teikning og því erfitt að gera grein fyrir hvaða stæði er um að ræða og veita umsögn um það. Nauðsynlegt er að gæta jafnræðis varðandi aðgang að bílastæðum í götunni. Þeir sem eiga merkt stæði eiga það til að leggja í almenn stæði og halda sínu auðu t.a.m. fyrir gesti. Bendir á að hætta sé á auknum nágrannaerjum ef stæðum verður fækkað án þess að jafnræðis sé gætt þegar kemur að aðgengi að bílastæðum. Krefjast þess að hver íbúð fái merkt bílastæði óháð því hvort til framkvæmda komi eður ei.

Pröstur Þórðarson – Telur að ekki sé þörf til að banna lagningu ökutækja í allri götunni. Nægjanlegt sé að banna lagningu við krappar beygjur t.a.m. við Álakovísl 9-19. Segir að ef stæðum verði fækkað um 15% á einu bretti muni allt fara á endann, að þessi óskilgreindu stæði séu um 20 talsins. Fólk mun ekki virða skilti eða vinsamleg tilmæli. Fólk leggur ekki í sín sérmerktu stæði til að hafa þau laus fyrir gesti. Telur að það sé vandamál að fólk hafi eignað sér einkastæði sem það eigi ekki. Bendir á að mismunun sé varðandi fjölda bílastæða við hús. Við hús 21-37 hafi myndast venja að leggja bílum þvert í stæði til að fjölga stæðum í götunni. Leggur til að graseyjum verði fækkað til að koma fyrir stæðum.





Reykjavík, 13. september 2024
USK24080323

Álakvísli – fyrirhugað bann við lagningu ökutækja

Borið hefur á því að ökutækjum sé lagt í götu Álakvísar sem getur gert sorphirðu og viðbragðsaðilum erfitt fyrir að komast að húsum í götunni. Slíkt getur tafið björgunarstörf komi upp neyðartilfelli og valdið eignatjónum.

Sökum þessa hefur umhverfis- og skipulagssvið til skoðunar að setja á bann við lagningu ökutækja í götunni. Bannið myndi gilda alls staðar utan merktra og skilgreindra bílastæða. Áður en ákvörðun um bann við lagningu ökutækja sé sett á vill Reykjavíkurborg leita eftir umsögnum hagaðila.

Óskað er því eftir umsögnum íbúa, sorphirðu og viðbragðsaðila við fyrirhuguðum áætlunum um bann við lagningu ökutækja í götunni. Viljum við heyra frá þeim sem eru fylgjandi og einnig þeim sem eru andvígir slíkri tillögu.

Umsagnarfrestur er 2 vikur frá dagsetningu þessa bréfs. Óskað er eftir því að umsagnir berist rafrænt á netfangið usk@reykjavik.is. Rita skal í efnisgrein póstsins málsnúmer USK24080323.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

Samrit: Bréf þetta er sent á íbúa í Álakvísli og Birtingarkvísli 8-32, sorphirðu og viðbragðsaðila